



Samráðsgátt stjórnvalda,
Mál nr. 183/2023,
Fjármála og efnahagsráðuneytið

Reykjavík, 16. október 2023

Umsögn um áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða (gjaldtaka aksturs hreinorku- og tengiltvinnbifreiða)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið til skoðunar framangreind áform þar sem fyrirhugað er að leggja fram frumvarp þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag gjaldtöku í formi kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða á vegakerfinu.

Í áformunum kemur fram að horft er til þess að ef lagaáformin ná fram að ganga verði á næsta ári tekin upp innheimta á kílómetragjaldi hjá eigendum hreinorku- og tengiltvinnbifreiða. Í næsta skrefi (árið 2025) verði kílómetragjaldið lagt á allan bílaflotann en sértæk bensín- og olíugjöld á eldsneyti ökutækja verði þá lækkuð eða felld brott á móti. Fyrirhugað er að innheimta kílómetragjaldsins fari fram með áþekkingu hætti og tíðkast við sölu á rafmagni og heitu vatni frá veitufyrirtækjum þ.e. með skráningu notanda bifreiðar á eignum kílómetrum bifreiðar. SFF hafa fengið upplýsingar um að einnig standi til að hætta álagningu bifreiðagjalds í seinni áfanganum árið 2025.

Að mati SFF er afar jákvætt að áformin eru miðuð út því að gjaldtakan ráðist af notkun á vegakerfinu þ.e. miðað er við að þeir borgi sem nota (e. the user pays principle). Þetta viðmið er augljóst í kafla áformanna sem fjallar um framkvæmd kílómetragjalds en þar segir m.a.:

- Gert er ráð fyrir að eigandi eða umráðamaður skrái inn upplýsingar um kílómetrastöðu ökutækis í upphafi árs í símasmáforrit eða á vefsetrið Ísland.is – Stafrænt Ísland. Samhliða því skrái hann inn áætlun um akstur næstu 12 mánuði.
- Út frá skráningu eiganda eða umráðamanns gerir kerfið tillögu að áætlun fyrir næstu mánuði sem hann getur samþykkt eða breytt. Þá geti þeir sjálfir leiðrétt eða skilað inn nýrri áætlun á tilteknu tímamarki innan ársins, auk þess sem kerfið geti lagt til breytta áætlun, t.a.m. í kjölfar álesturs á kílómetrastöðu við reglubundna skoðun bifreiðar.
- Bifreiðaeigendur eða e.a. umráðamenn greiða þannig mánaðarlegt kílómetragjald út frá áætlun um meðalakstur fyrir tímabilið.
- Ef skráning er ekki framkvæmd, er ófullnægjandi eða fyrir liggur ásetningur um ranga

skráningu, er gert ráð fyrir því að kílómetragjald verði áætlað út frá tilteknum forsendum og eftir atvikum viðurlögum beitt.

SFF lesa það út úr áformunum að gert sé ráð fyrir því að skattlagningin, skyldur til skráningar og viðurlög við brotum séu lögð á umráðamann bifreiðar þegar það á við enda um að ræða skattlagningu sem felst í beinum greiðslum umráðamanns fyrir ekna kílómetra á vegakerfinu. SFF fagna því að áformin leggi skyldurnar á umráðamanninn. Slíkt er í samræmi við umferðarlög og lög um ökutækjatrýggingar sem gera ráð fyrir skyldum á eiganda eða umráðamann sé hann til staðar. Samtökin leggja þunga áherslu á að það er afar mikilvægt fyrir fjármálafyrirtæki í eignaleigustarfsemi að skatturinn leggist á umráðamann en ekki eiganda í þeim tilvikum þegar um er að ræða bifreiðar sem eru fjármagnaðar með kaupleigusamningum. Skýrt þarf að vera kveðið á um í lögum að svo sé. Gera má ráð fyrir að nú séu um 50 þúsund ökutæki fjármögnuð með kaupleigusamningum á götunum. Þegar svo háttar til er fjármögnunarfyrirtækið skráður eigandi en umráðamaður sá sem notar bílinn og vegakerfið. Verði skatturinn lagður á fjármögnunarfyrirtækið mun það fela í sér afar íþyngjandi skyldur og flækjustig í viðskiptum milli fjármögnunarfyrirtækisins og umráðamanns.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að SFF hafa á undanförunum misserum verið í samskiptum við fjármálaráðuneytið, Fjársýsluna og Skattinn vegna laga nr. 139/2021 þar sem m.a. var gerð breyting á lögum um bifreiðagjald nr. 39/1988. Eitt af því sem breyttist í kjölfar lagasetningarinnar var fyrirkomulag á uppgjöri og endurgreiðslu bifreiðagjalda við eigendaskipti. Í stað þess að gert væri upp við umráðamann bifreiðar eins og hann er skráður í ökutækjaskrá var ákveðið að gera upp við eiganda. Endurgreiðslur bifreiðagjalda sem umráðamenn hafa greitt hafa þannig ratað til fjármögnunarfyrirtækja í stað þess að þær séu endurgreiddar beint til umráðamannsins sem greiddi gjöldin. Þetta fyrirkomulag kallar á umtalsverða vinnu fyrir eignaleigufyrirtæki við að endurgreiða gjaldið áfram til fyrrum umráðamanna og hafi ýmis vandamál komið upp tengd hinni nýju framkvæmd. Þannig hafa inneignir vegna eigendaskipta ekki verið endurgreiddar til fjármögnunarfyrirtækjanna heldur myndast inneign vegna þeirra á viðskiptareikningi fjármögnunarfyrirtækis, án sérstakra tilkynninga. Til þess að fá inneign greidda út svo unnt sé að endurgreiða hana áfram til fyrrum umráðamanns þarf fjármögnunarfyrirtæki að kalla sérstaklega eftir greiðslunni. Hefur það verið gert með því að kalla eftir endurgreiðslum fyrir tiltekin tímabil í einu í stað þess að gert sé upp fyrir hvert tæki í einu. Við þá framkvæmd hafa komið upp tilvik þar sem treglega gengur að fá inneignir tengdar einstökum ökutækjum greidda út ef nauðsyn krefur, svo sem ef viðkomandi umráðamaður þarf á endurgreiðslu að halda áður en fjármögnunarfyrirtækin hafa náð að vinna úr viðkomandi tímabili. Við það má bæta að fjármögnunarfyrirtæki hafa almennt ekki upplýsingar um innlánsreikninga umráðamanna og geta þurft að kalla sérstaklega eftir upplýsingum um ráðstöfunarreikning fyrrum umráðamanna svo hægt sé að koma endurgreiðslum til skila. Þannig kemur reglulega til þess að fjármögnunarfyrirtæki nái ekki til viðkomandi umráðamanna og sitja uppi með inneignir sem fyrirtækin geta ekki komið til skila til þeirra sem raunverulega greiddu gjöldin sem á að endurgreiða.

Þessu fyrirkomulagi hafa SFF mótmælt án árangurs í tæp tvö ár og kallað eftir lagabreytingu á 3. gr. laga um bifreiðagjald þar sem hugtakið “umráðamaður” er sett fyrir aftan sviga við hugtakið

“eigandi” svo tryggt sé að skatturinn geti lagst á umráðamann. Þess má geta að hugtakið “umráðamaður” er til staðar í lögum um bifreiðagjald í öðrum greinum lagabálksins svo sem í 4. gr. um undanþágu frá gjaldskyldu og lágmark bifreiðagjalds og í 5. gr. um aðalskoðun og skráningu.

Stjórnvöld hafa nú tilkynnt SFF að það standi til að innleiða kerfi sem heldur utan um þessa álagningu þannig að gjöldin verði innheimt hjá fjármögnunarfyrirtækjunum sem eiganda, þó svo að umráðamaður sé notandi ökutækis, og að fjármögnunarfyrirtækin verði því að sjá um að innheimta gjöldin hjá umráðamönnum. Þetta fyrirkomulag um innheimtu bifreiðagjalda er í hróplegri andstöðu við þau áform sem nú eru uppi um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða sem áformin segja að verði einfalt, gagnsætt, sjálfbært fyrirkomulag gjaldtöku til framtíðar. SFF fara þess á leit við ráðuneytið að þessi mál verði skoðuð heildstætt með það í huga að draga úr flækjustigi við álagningu og uppgjör bifreiðagjalda hjá fjármögnunarfyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra. Til að stuðla að einföldun og gagnsæi telja samtökin eðlilegt að orðinu “umráðamaður” yrði bætt við 3.gr. laga um bifreiðagjald með þeim hætti sem áður er lýst.

Að mati SFF er sú breytta framkvæmd sem stjórnvöld, þá einkum skatturinn og fjársýslan hafa tjáð SFF að sé framundan, ekki í samræmi við þau áform sem hér er lýst og telja því borðleggjandi að stjórnvöld slái á frest áformun um innleiðingu breyttrar framkvæmdar vegna innheimtu bifreiðagjalda þar til framtíðarfyrirkomulag um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða liggur fyrir fullmótað á grundvelli meginreglunnar um að þeir borga sem nota.

Fulltrúar SFF eru hvenær sem er reiðubúnir til frekara samtals um þetta mál.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur